

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2019, þriðjudaginn 17. desember kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1049. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Skúli Þorkelsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Bergstaðastræti 27** (01.184.414) 102074 Mál nr. BN055857

440915-1320 Bergstaðastræti 27 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að flytja friðað timburhús um lengd sína til suðurs á nýjan steinsteypnan kjallara, endurgera og innrétta tvær íbúðir og til að rífa, endurbyggja og stækka steinhús sem fyrir er á lóð og innrétta átta íbúðir á lóð nr. 27 við Bergstaðastræti. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. febrúar 2019, greinargerð um hita- og rakaástand, minnisblað um burðarvirki og lagnir dags. 22. febrúar 2019 og minnisblað um hljóðvist dags. 22. febrúar 2019, Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019, ástandsskýrsla dags. 5. apríl 2018 og húsakönnun ódags. desember 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2019.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðastræti 24,24B, 25, 25B,26, 26B, 28, 28A, 29 og 31A, Óðinsgötu 14A, 14B, 16, 16B, 18, 18A, 18B og 18C frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Steinunn Sveinbjarnardóttir, Helga Völundardóttir, Mímir Völundarson og Lind Völundardóttir dags. 4. maí 2019, Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir og Hildur Heimisdóttir dags. 5. maí 2019, Ásdís Thoroddsen dags. 11. maí 2019, Sigríður Halldórsdóttir dags. 11. maí 2019, Steinunn Stefánsdóttir dags. 12. maí 2019, Anna Lára Lárusdóttir dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 28 dags. 13. maí 2019, Katrín Rós Gýmisdóttir f.h. Ránarhóls ehf. dags. 13. maí 2019, Baldur Héðinsson og Anna Helga Jónsdóttir dags. 13. maí 2019 og Húseigendafélagið f.h. Telmu Huld Jóhannesdóttur dags. 13. maí 2019.

Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 172,3 ferm., 514,8 rúmm.

Mhl. 02, A-rými: 640,1 ferm., 1.946,2 rúmm.

B-rými: 17,7 ferm., 49,6 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

2. **Bergstaðastræti 33B** (01.184.410) 102070 Mál nr. BN052687

670812-0810 Alma C ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta í gististað í flokki II, teg. g og fyrir áður gerðum breytingum, viðbyggingu og innra skipulagi rishæðar í húsi á lóð nr. 33 B við Bergstaðastræti.

Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 2. maí 2017, bréf hönnuðar dags. 8. júní 2018 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2017 fylgja erindi.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. maí 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2017 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðastræti 31a, 33, 33a og 37 og Óðinsgötu 20a, 20b, 22, 22a og 24a frá 25. júlí 2018 til og með 22. ágúst 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ólína Salome Torfadóttir dags. 2. ágúst 2018 og Kristín Cecildóttir dags. 21. ágúst 2018.

Stækkun: 10,2 ferm., 21,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa 22. október 2018.

3. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr. BN057040
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054019 þannig að innra skipulagi er breytt vegna lokaúttektar á húsinu á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr. BN057060
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN055601, þannig að breytt er innra skipulagi, komið fyrir klifurstiga á norðurhlíð, pallur með lyftu gerður í stað ramps og komið fyrir þakkanti á húsið á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Stækkun brúttó : XX rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísad til athugasemda.

5. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN057003
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
450613-2580 Ípaka fasteignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055017 þannig að texta í byggingarlýsingu vegna veitingarstaðar er breytt, í stað ozon-kerfis í útsogi frá eldunareyju kemur lyktkeyðikerfi frá Trion (Electrostatic Precipitators), í byggingarlýsingu vegna veitingarstaðar er breytt í verslunar- og skrifstofuhúsi að Katrínartúni 4 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

6. **Borgartún 21 - 21A** (01.218.002) 102771 Mál nr. BN056312
661198-3629 Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í móttökusvæði Íbúðarlánasjóðs 1. hæðar sunnamegin í húsinu á lóð nr. 21 við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.
7. **Borgartún 29** (01.218.103) 102775 Mál nr. BN056953
550807-0680 Þorkelsson ehf., Sóltúni 11, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til lítils háttar breytinga á innra skipulagi veitingarstaðar, breytta staðsetningu eldunaraðstöðu og endurnýjun á útblástursröri upp fyrir þak fyrir nýjan rekstraraðila veitingarstaðar á 1. hæð húss á lóð nr. 29 við Borgartún.
Erindi fylgir afrit af grunnmynd samþykktri 6. ágúst 2008.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
8. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr. BN057014
560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta hurðum á norðurhlíð og fjarlægja hluta af millilofti auk þess sem komið er fyrir nýjum og stærri milliloftum í húsinu nr. 18-26 við Dragháls á lóð Fossháls 17-25/Dragháls 18-26.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. desember 2019 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2019.
Niðurrif er: 134,1 ferm.
Stækkun er : 271,9 ferm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. **Egilsgata 14** (01.195.003) 102561 Mál nr. BN055057
510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta lítillaga fyrirkomulagi í kjallara og breyta ósamþykkttri íbúð í samþykkttri íbúð, breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar og byggja einfaldan steinsteyptan bílskúr vestan megin við hús á lóð nr. 14 við Egilsgötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. desember 2018 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Egilsgötu 12 og 16 Leifsgötu 7 og 9 frá 2. nóvember 2018 til og með 30. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust.

Stærð: 34,8 ferm., 112,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. **Einarsnes 42-42A** (01.672.019) 203190 Mál nr. BN057035

Benedikt Sveinsson, Einarsnes 42A, 102

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055366 þannig rýmismúmerum og stærðum í skráningartöflu, mhl. 02, er breytt húss á lóð nr. 42A við Einarsnes.

Minnkun vegna endurútreikningar af húsi: XX ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. **Faxagarður 1** Mál nr. BN056709

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar stálgrindarhús klætt lerki, fyrir vakt- og spennistöð á lóð nr. 1 við Faxagarð.

Stærðir: 184,4 ferm., 790.0 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

12. **Fjólugata 19** (01.185.513) 102203 Mál nr. BN055935

Guðjón Ingi Árnason, Fjólugata 19, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir þremur íbúðum í húsinu, auka salarhæð í kjallara, stækka bílskúr, breyta aðkomutröppum, stækka og sameina svalir á 2. hæð, fjarlægja skorstein og endurnýja þak, einnig er sótt um leyfi til að hækka þak og koma fyrir sorpgeymslu á lóð nr. 19 við Fjólugötu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. mars 2019, Umsögn burðarþolshönnuðar Verkís dags. 23. ágúst 2019 og minnisblað Verkís um brunahönnun dags. 11. september 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. desember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Fjólugötu 17, 19a, 19b, 21 og 21a, Sóleyjargötu 17, 19 og 21 og Laufásvegi 48 og 48a frá 15. október 2019 til og með 12. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Flosi Kristjánsson f.h. eigenda Laufásavegar 48 dags. 16. október 2019 og Norska sendiráðið dags. 12. nóvember 2019.

Stækkun:

Kjallari: 50,3 ferm., 133,2 rúmm.

3. hæð: 57,2 ferm., 145,9 rúmm.

Samtals eftir stækkun: 621,5 ferm., 1.8350,2 rúmm.

Svalir stækkun:

1. hæð: 30,7 ferm.

2. hæð: 10,7 ferm.

Gjald kr. 11.200

Samtals svalir eftir stækkun: 72,1 ferm.

Jafnframt er erindi BN053919 dregið til baka.

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019.

13. **Freyjubrunnur 1** (02.695.701) 205705 Mál nr. BN056897

Hrannar Markússon, Sifjarbrunnur 6, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054482 þannig að opnað er inn í hol frá anddyri, uppröðun í eldhúsi, brunahurð sett inn í bílskúr, byggja yfir útisvæði á norðurhorni lóðar og settur er stoðveggur á lóðarmörkum nr. 1 og 3 á lóð nr. 1 við Freyjubrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. desember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019. Einnig bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. desember 2019.

Stækkun B-rýmis : XX ferm. og XX rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.

14. **Gil** (00.078.001) 125763 Mál nr. BN057054

600667-0179 Stjörnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að reisa byggingu og tengigang á milli hennar og mhl.02, sem verður mhl.03, á reit B á lóðinni Gil 125763 á Kjalarnesi.

Stærð nýbyggingar með tengigangi er: 1.848,9 ferm., 10.023,0 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

15. **Grandagarður 1A** (01.115.209) 100056 Mál nr. BN057052

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN055710, vegna lokaúttektar, sem felst í að brunatákn eru uppfærð í húsinu og lega og hæð á girðingu breytt á lóð nr. 1A við Grandagarð.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Visað til athugasemda.

16. **Gylfaflöt 2** (02.578.201) 224860 Mál nr. BN056847

640717-0250 Gylfaflöt-2 ehf., Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN054079 vegna lokaúttektar á skemmu á lóð nr. 2 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Eflu verkfræðistofu dags. 3. desember 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. **Hagamelur 39-45** (01.526.004) 106072 Mál nr. BN057020

560377-0299 Hagamelur 41, húsfélag, Hagamel 41, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á 5. hæð í húsi nr. 41 á lóð nr. 39-45 við Hagamel.

Erindi fylgir fundargerð húsfundar dags. 21. nóvember 2019 og samþykki eigenda.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

18. **Hallgerðargata 7** (01.349.301) 225427 Mál nr. BN056986

551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054424 þannig að lóðamörkum og bílastæðabókhalda fjölbýlishúss er breytt á lóð D, lóð nr. 7 við Hallgerðargötu.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Þinglýsa skal kvöð um opnun bygginga milli lóða og um fyrirkomulag bílastæða fyrir útgáfu á byggingarleyfi.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

19. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN057012

610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN053745, þannig að fyrirkomulag efri kjallara er breytt og bílastæðum fækkað um eitt stæði, verða 118, í bílageymslu fjölbýlishúsa á lóð nr. 5 við Haukahlíð.

Mhl. 12 minnkar um 49,5 ferm., 138,9 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN057062

610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054053 þannig að útliti svalahandriða og svalalokana er breytt í tveimur stigahúsum í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísad til athugasemda.

21. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN057011
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055330 þannig að kjallari, mhl.05 er stækkaður á kostnað bílageymslu, mhl. 12 í fjölbýlishúsi við Hlíðarfót 11 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
22. **Héðinsgata 2** (01.327.501) 103873 Mál nr. BN057065
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta starfsemi vörugeymslu í bíla-og hjólbarðaverkstæði með geymsluhúsnæði fyrir ökutæki, bílauppboðssal ofl. í húsi, mhl. 12 og mhl. 15 á lóð nr. 2 við Héðinsgötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
23. **Hjarðarhagi 2-6** (01.552.401) 106511 Mál nr. BN057013
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102
Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir rannsóknargámum við húsið Suðurgötu 2, mhl.05, á lóð nr. 2-6 við Hjarðarhaga.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
24. **Hólavað 13-27** (04.741.301) 198825 Mál nr. BN055723
Sigurgeir Andrésen, Hólavað 23, 110 Reykjavík
Auður Ósk Emilsdóttir, Hólavað 27, 110 Reykjavík
Arnar Guðnason, Lindarvað 12, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúða, sbr. BN032930, þannig að eldhús og stofa, sem fyrir breytingu eru staðsett á efri hæð húss, færast niður á neðri hæð og svefnherbergi og þvottahús sem staðsett eru á neðri hæð færast upp á efri hæð. Um er að ræða breytingar á öllum íbúðum, fyrir utan íbúð nr. 13, á lóðinni nr. 13-27 við Hólavað.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
25. **Hólmasel 2** (04.937.703) 112915 Mál nr. BN057023
Guðmundur G Norðdahl, Hólmasel 2, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Hólmasel.
Erindi fylgir bréf frá úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála ódags. og tölvupóstur dags. 20. nóvember 2019 fylgir, bréf eigenda dags. 21. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Erindi vísad til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
26. **Hólmaslóð 6** (01.111.402) 100024 Mál nr. BN056134
Katrín Þorvaldsdóttir, Háahlíð 12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að hækka hús um eina hæð, breyta innra skipulagi og reisa tveggja hæða viðbyggingu við suðausturhlíð húss á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dagsett 24. apríl 2019, heildar varmatapsrammi fyrir Hólmaslóð 6 dags. 17. apríl 2019, mæliblað 1.111.401, 1.111.402 síðast breytt í júní 2005.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

Stækkun: 943,3 ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Visað til athugasemda.

27. **Hraunteigur 30** (01.361.108) 104574 Mál nr. BN056772
Grímur Ólafur Eiríksson, Chile, Sótt er um leyfi til þess að fá að gera íbúð á rishæð húss nr. 30 við Hraunteig.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. september 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Visað til athugasemda.
28. **Hörgshlíð 10** (01.730.105) 107335 Mál nr. BN054953
Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á forsteyptum sökklum og samlokueiningum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2018.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. nóvember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Hörgshlíð 8, 12, 14 frá 15. ágúst 2019 til og með 12. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendafélagið f.h. húsfélags Hörgshlíð 8 dags. 12. september 2019 og Auður Inga Ingvarsdóttir og Ingólfur Björnsson f.h. þinglýstra eigenda að Hörgshlíð 8 íbúð 201 dags. 12. september 2019.
Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019.
29. **Kleifarsel 2-12** (04.975.711) 113278 Mál nr. BN057047
Auður Kjartansdóttir, Kleifarsel 12, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem gert hefur verið leikherbergi og geymslur í áður ónýttu risi, einnig hefur verið settur stigi upp í þakrýmið og þakgluggar settir í þakflöt beggja vegna í húsi á lóð nr. 12 við Kleifarsel.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Visað til athugasemda.
30. **Koparsléttu 6-8** (34.533.804) 215455 Mál nr. BN057033
540504-4660 Fagverk verktakar ehf, Spóahöfða 18, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til þess að byggja steypa stoðveggi, sem er fyrsti áfangi framkvæmda, á lóð nr. 6-8 við Koparsléttu.
Erindi fylgir mæliblað 34.533.8 endurútgefið 5. nóvember 2019 og hæðablað 722-B dags. nóvember 2017.
Gjald kr. 2019
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. **Koparsléttu 22** (34.533.101) 206630 Mál nr. BN057046
470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035873, sem felst í að texta um brunavarnir er breytt, hurð í eldhúsi á 1. hæð er færð, hurð í flóttaleið í rými rafvirkja snúid, ræsting sett upp í starfsmannarými og hurð á biodísel svæði fjarlægð, á annarri hæð er flóttaleið frá matsal breytt og geymsla sett upp á millipalli í húsi á lóð nr. 22 við Koparsléttu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
32. **Kringlan 4-12** (01.721.001) 107287 Mál nr. BN057056
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skráningu í mhl. 03, þannig að rýmisnúmerum fjölgar en verða áfram í eigu sama aðila, í Kringlunni, á lóð nr. 4-12 við Kringluna.
Bréf frá skráningarmanni dags. desember 2019 sem skýrir stækkun.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
33. **Krosshamrar 5** (02.294.703) 109074 Mál nr. BN057051
Sæmundur Gunnarsson, Krosshamrar 5, 112 Reykjavík
Guðrún Gíga Karlsdóttir, Krosshamrar 5, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýja sólstofu úr timbri við vesturhlið húss á lóð nr. 5 við Krosshamra.
Samþykki meðeigenda á teikningu.
Stækkun vegna sólstofu er: 14,6 ferm., 38,9 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
34. **Krókháls 9** (04.141.201) 200478 Mál nr. BN057064
520402-2410 Vagneignir ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN045317 þannig að byggð er niðurgráfin bílgeymsla sem tengist við neðri hæð þegar byggðar byggingar á lóð nr. 9 við Krókháls.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 6. desember 2019, greinargerð brunahönnunar frá Eflu dags. 10. desember 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.
Gjald kr. 11.200

Frestað.
Vísað til athugasemda.

35. **Langholtsvegur 47** (01.357.001) 104390 Mál nr. BN057027
590406-0740 Ljósið, sjálfseignarstofnun, Langholtsvegi 43, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056268 þannig að aðgengi að salernum eru breytt, komið verður fyrir sjúkráþjálfun og nuddstofu og nýjum glugga á austurhlið á mhl. 02 á húsi á lóð nr. 43-47 við Langholtsveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
36. **Langholtsvegur 196** (01.445.302) 105576 Mál nr. BN057006
Lena Ósk Guðjónsdóttir, Langholtsvegur 196, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056173 þannig að byggt verður virkisrými í risi, svalir stækkaðar, baðherbergi á 1. hæð stækkað og útitröppur breikkaðar, við hús á lóð nr. 196 við Langholtsveg.
Stærðarbreyting xx.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
37. **Laugarásvegur 40** (01.385.002) 104912 Mál nr. BN056655
550218-1430 BBG ehf., Stórholti 47, 105 Reykjavík
Ari Garðar Georgsson, Bandaríkin, 050660-2069 Benedikta Helga Gísladóttir, Bandaríkin, Sótt er um leyfi til að setja opnanleg fög í valda glugga, setja nýjar svalir og síkka glugga á suð-vesturhlið sem og breyta innra skipulagi beggja hæða í húsi á lóð nr. 40 við Laugarásveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. desember fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 16. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sunnuvegi 1 og 3 og Laugarásvegi 42 frá 7. nóvember 2019 til og með 5. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
38. **Laugateigur 46** (01.365.202) 104684 Mál nr. BN056967
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugarnesvegur 56, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og að breyta innra skipulagi, ásamt því að byggja nýjar svalir og svalahurð á vesturkvist og bæta við þakglugga yfir stiga upp á rishæð íbúðar 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Laugateig.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.365.2 samþykktur af byggingarfulltrúa 1. ágúst 2017, afrit samþykktra aðaluppdráttar dags. 22. febrúar 1990, 22. maí 1986 og 2. október 1946, afrit af ódagsettri umsögn burðarvirkishönnuðar er varða teikningar dags. 18. janúar 2019 og afrit af samþykki meðlóðarhafa og varða teikningar dags. 18. janúar 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. desember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2019. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henn verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. **Laugavegur 95-99** (01.174.130) 210318 Mál nr. BN056869

Björn Stefán Hallsson, Sléttuvegur 17, 103 Reykjavík

470105-2160 Plan 21 ehf, Álakvísl 134, 110 Reykjavík

470691-1589 Rit og bækur ehf., Stórhöfða 30-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051774, þannig að á 1. hæð eru rými 0102 og 0103 sameinuð í eina verslun með starfsmannaaðstöðu, einnig verður aðstaða starfsfólks og geymslur í kjallara sameiginleg með hóteli, breytingar gerðar á inngangshurð á framhlið og glugga á bakhlið húss á lóð nr. 95-99 við Laugaveg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 22. október 2019, lóðblað nr. 1.174.1 dags. 4. mars 2016, mæliblað dags. 22. október 2012 og umboð dags. 28. janúar 2016.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

40. **Mávahlíð 42** (01.710.209) 107173 Mál nr. BN056909

Hallfríður Brynjólfsdóttir, Barmahlíð 1, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og fjarlægja burðarveggi að hluta í íbúð 0101 í húsi nr. 42 við Mávahlíð.

Erindi fylgir teikning burðarvirkishönnuðar dags. 29. október 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. **Móavegur 2** (02.375.303) 218667 Mál nr. BN057059

490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN053816, vegna lokaúttektar, sem fellst í að byggingalýsingu er breytt, halla á innkeyrslu er breytt, djúpgámar, mhl. 11, eru færðir, málsetningum og hæðarkótum breytt og björgunaropum bætt við, á húsum á lóð nr. 2 við Móaveg.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

42. **Saltvík** (00.064.000) 125744 Mál nr. BN057055

600667-0179 Stjórnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að reisa byggingu og tengigang á milli hennar og mhl. 16, sem verður mhl.17, á reit E, á lóðinni Saltvík 125744 á Kjalarnesi.

Stærð nýbyggingar með tengibyggingu er: 4.885,8 ferm., 29.060,2 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

43. **Saltvík** (00.064.000) 125744 Mál nr. BN057044

600667-0179 Stjórnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055146, koma fyrir dreifistöð á norðurhlið og gasgeymslu á suðurhlið húss, mhl. 15, á reit B á lóðinni Saltvík 125744 á Kjalarnesi.

Stærðir vegna dreifistöð og gasgeymslu er: 20,7 ferm., 85,2 rúmm.

Stærð gasgeymslu er: XX ferm., og rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

44. **Selvogsgrunn 31** (01.350.702) 104168 Mál nr. BN057049

Guðný Arnadóttir, Selvogsgrunn 31, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að skorsteinn og steyptir veggir eru fjarlægðir í kjallaraíbúð íbúðarhúss nr. 31 við Selvogsgrunn.

Erindi fylgir ódagsettur listi yfir verktaka framkvæmdar og ljósmyndir.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

45. **Sifjarbrunnur 28** (05.055.403) 206122 Mál nr. BN056951

Halldór Geir Halldórsson, Veghús 31, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á lóð nr. 28 við Sifjarbrunn.

Erindi fylgir mæliblað 5.055.4 endurúttekið 21. mars 2018 og hæðablað 5.055.4 - B3 dags. maí 2018.

Stærð: 242.3 ferm., 805.2 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Uppfærðum teikningum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

46. **Síðumúli 3-5** (01.292.006) 103789 Mál nr. BN056971
701296-6139 Íslandspóstur ohf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skiplagi 1. hæðar í húsi á lóð nr. 3 við Síðumúla.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henn verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
47. **Sólvallagata 10** (01.160.318) 101180 Mál nr. BN056976
Árni Oddur Þórðarson, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík
Eyrún Lind Magnúsdóttir, Ásvallagata 8, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýja forstofu við norðurinnangang, lengja aðaltröppur, bæta við glugga til vesturs, síkka glugga á suðurhlíð kjallara, gera útskotsglugga á austurhlíð, með hurðum út á nýjan sólpall, skipta um klæðningu á þaki, taka niður núverandi skorstein og setja upp nýjan fyrir arinn og endurgera steypa vegg að götu í sömu mynd og fyrir eru á einbýlishúsalóð nr. 10 við Sólvallagötu.
Erindi fylgir umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 3. desember 2019.
Stækkun: x.xx ferm. x.xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
48. **Stýrimannastígur 9** (01.135.308) 100476 Mál nr. BN057053
Ragna Árnadóttir, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík
Magnús Jón Björnsson, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja nýja forstofu á undirstöðum núverandi trappna við aðalinngang auk þess að gera þar nýjar tröppur, breyta kjallaratröppum og setja þakglugga yfir stiga á 2. hæð húss nr. 9 við Stýrimannastíg.
Erindi fylgir hæðablað dags. maí 2008, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. nóvember 2019 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 7. nóvember 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
49. **Suðurhlíð 36** (01.788.401) 107559 Mál nr. BN054684
410169-2589 Kirkja sjöunda dags adventista, Suðurhlíð 36, 105 Reykjavík
Sótt er um áður gerðar breytingar sem orðið hafa frá byggingu Suðurhlíðaskóla á lóð nr. 36 við Suðurhlíð.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
50. **Tryggvagata 16** (01.132.104) 100213 Mál nr. BN057038
680169-4549 Kápan ehf., Tryggvagötu 16, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045605 vegna lokaúttektar, stærðir svala 0405 og 0503 eru leiðréttar, innra skipulag íbúðar 0401 breytist lítillega, stigapallur íbúðar 0501 hliðrast til og geymsla 0603 er felld brott í fjöleignahúsi á lóð nr. 16 við Tryggvagötu. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 2. desember 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

51. **Urðarbrunnur 34** (05.054.605) 205789 Mál nr. BN057010
Páll Þór Vilhelmsson, Hólavað 11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 34 við Urðarbrunn.
Erindi fylgir mæliblað 5.054.6 útgefið 29. ágúst 2018, hæðablað 5.054.6 - B3 og A4 afrit af skráningartöflu dags. 23. nóvember 2019.
Stærðir: 331.1 ferm., 1.294.1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

52. **Veltusund 3B** (01.140.420) 100860 Mál nr. BN056697
490911-1540 HALAL ehf., Veltusundi 3b, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða viðbyggingu úr timbri á steiptum kjallara þar sem verða tveir veitingastaðir í flokki I, tegund veitingaverslun á 1. hæð, undirbúningseldhús, starfsmannaaðstaða og tvær íbúðir á 2. hæð og þrjár íbúðir á 3. hæð ásamt matsal starfsfólks veitingastaðanna í húsi á lóð nr. 3b við Veltusund.
Erindi fylgir skýringateikningar hönnuðar dags. 3. október 2019, greinagerð hönnuðar dags. 30. september 2019 og greinagerð um brunahönnun dags. 4. október 2019.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. október 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. nóvember 2019 fylgir erindi. Erindi fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2019.
Stærðir stækkunar eru:

Kjallari: Óbreytt.

1. hæð: 12,9 ferm., 33,5 rúmm.

2. hæð: 48,9 ferm., 136,9 rúmm.

3. hæð: 48,9 ferm., 161,8 rúmm.

Þakvirki: 23,0 ferm., 8,4 rúmm.

Heildarstækkun 110,7 ferm., 340,6 rúmm.

Samtals stærð eftir stækkun: 690,9 ferm., 1850,3 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

53. **Vesturgata 2** (01.140.002) 100815 Mál nr. BN057063
660312-1100 Fjélagið - eignarhaldsfélag hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að stækka útgeymslu 0102 og byggja nýtt sorpskýli, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturgötu.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.
Gjald kr. 1.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
54. **Vitastígur 16** (01.190.019) 102357 Mál nr. BN056954
550713-1280 Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta og byggja við íbúðahús auk þess að byggja smáhýsi á lóð nr. 16 við Vitastíg.
Erindi fylgir afrit af nýjum deiliskipulagsupprætti sem á við lóðina Vitastíg 16 og tók gildi 5. nóvember 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. september 2019 og ljósmyndir af núverandi ástandi mannvirkisins.
Stækkun: 103.7 ferm, 446.4 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 1.12.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
55. **Völvufell 7A** (04.683.202) 112312 Mál nr. BN057061
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun hússins úr dagheimili í vistheimili á lóð nr. 7a við Völvufell.
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna, útgáfa 001-V03, dags. 22. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Ýmis mál

56. **Arnarhamarsskógur** Mál nr. BN057073
Óskað er eftir samþykki fyrir stofnun nýrrar fasteignar (landeignar) á Kjalarnesi, þ.e. Arnarhamarsskógur sem er 54.17 ha að stærð og hefur fengið landeignarnúmer L229444. Land sem fellur undir Arnarhamarsskóg er fengið annars vegar úr Arnarholti L125651 (23.24 ha) og hins vegar Lykkju L223691 (30.93 ha). Hnitsett mörk eru sýnd á meðfylgjandi uppdráttum (séruppdráttur og breytingablað), dags. 16.12.2019.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.

57. **Sætún svæði A** (33.625.201) 213923 Mál nr. BN057068
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans um að breyta lóðamörkum lóðanna Sætún - svæði A og Sætún - svæði B, í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti sem eru dagsettir 11.12.2019.
Lóðin Sætún - Svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923) er 3125 m²
Lagðir 2846 m² við lóðina frá Sætúni - svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924).
Teknir 1232 m² af lóðinni og lagt við Sætún - svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924).
Teknir 1172 m² af lóðinni og lagt við óútvísað land (L221616).
Lóðin Sætún - Svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923) verður 3567 m².
Lóðin Sætún - Svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924) er 7160 m².
Lagðir 1232 m² við lóðina frá Sætúni - svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923).
Teknir 2846 m² af lóðinni og lagt við Sætún - svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923).
Lóðin Sætún - Svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924) verður 3567 m².
Sjá deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í skipulags- og samgönguráði þann 06.11.2019 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 29.11.2019.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.
58. **Sætún svæði B** (33.625.301) 213924 Mál nr. BN057069
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans um að breyta lóðamörkum lóðanna Sætún - svæði A og Sætún - svæði B, í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti sem eru dagsettir 11.12.2019.
Lóðin Sætún - Svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923) er 3125 m²
Lagðir 2846 m² við lóðina frá Sætúni - svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924).
Teknir 1232 m² af lóðinni og lagt við Sætún - svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924).
Teknir 1172 m² af lóðinni og lagt við óútvísað land (L221616).
Lóðin Sætún - Svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923) verður 3567 m².
Lóðin Sætún - Svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924) er 7160 m².
Lagðir 1232 m² við lóðina frá Sætúni - svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923).
Teknir 2846 m² af lóðinni og lagt við Sætún - svæði A (staðgr. 33.625.303, L213923).
Lóðin Sætún - Svæði B (staðgr. 33.625.301, L213924) verður 3567 m².
Sjá deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í skipulags- og samgönguráði þann 06.11.2019 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 29.11.2019.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.

Fyrirspurnir

59. **Haðarstígur 22** (01.186.627) 102322 Mál nr. BN056945
Arnór Kárasón, Mávahlíð 34, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn um að skipta íbúð sem er í parhúsi á lóð nr. 22 við Haðarstíg í þrjár íbúðir.
Afgreitt.
Með vísan til athugasemda á athugasemdarblaði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 12:30.

Erna Hrönn Geirsdóttir

Nikulás Úlfar Másson
Edda Þórsdóttir
Jón Hafberg Björnsson
Skúli Þorkelsson
Olga Hrunn Sverrisdóttir